

*Bæjarstjórn Fjallabyggðar*

Siglufjörður, 7.10.2020


Virðulegi viðtakandi,

Vegna snjóflóðahættumats þarf að breyta skíðasvæðinu í Skarðsdal. Miklar vegaf framkvæmdir hafa verið í Skarðsdal frá því sumarið 2017. Verkið hefur gengið hægar en gert var ráð fyrir, að hluta til vegna aðstæðna sem ekki voru í samræmi við það sem verkáætlun gerði ráð fyrir og hefur bleytutíð hamlað verkinu. Einnig hefur vantað fjármuni í að klára breytingarnar á lyftum, lyftuhúsum, lýsingu og skíðaskála og ekki er séð fyrir hvenær verk framkvæmdum verður lokið, að því sem félaginu er best kunnugt um.

Skíðafélag Siglufjarðar – Skíðaborg (SSS) lýsir yfir áhyggjum af þeirri óvissu sem virðist ríkja um verklok framkvæmda á Skíðasvæðinu í Skarðsdal, sér í lagi þar sem vá af snjóflóðahættu stendur enn óbreytt. SSS telur að slíkar aðstæður skaði ímynd Skíðasvæðisins í Skarðsdal, sem kemur niður á þróun fjölda gesta skíðasvæðisins og uppbyggingarstefnu félagsins, gegnum hægari nýliðun sökum þess að foreldrar telji börn sín ekki örugg á svæðinu og vegna aukins brotthvarfs úr íþróttinni vegna bágborinna aðstæðna. Vert að telja það fram að félagið sér fram á neikvæð fjárhagsleg áhrif vegna tapaðra tækifæra í nýliðun, þjálfun og sölu veitinga til gesta skíðasvæðisins. Að endingu óttast félagið að jarðrask tengt vegaf framkvæmdum gæti skapað hættu fyrir skíðaiðkendum.

SSS óskar eftir upplýsingum um stöðu og áætlun lok vegaf framkvæmda, ásamt nauðsynlegra breytinga á lyftum, lyftuhúsum, lýsingu og skíðaskála.

Virðingarfyllt,



Jón Garðar Steingrímsson

Formaður Skíðafélags Siglufjarðar - Skíðaborg